

EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi ehf. Núpsmýri, Öxarfirði



Dags eftirlits	12.4.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Núpsmýri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Thomas Helmig	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðís Smáradóttir	Staðsetning	609834,024 639750,616

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending er sett fram er varðar brák á settjörnum.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða landeldisstöð Samherja Núpsmýri, Öxarfirði (áður Silfurstjarnan), með leyfi fyrir 3.000 tonna ársframleiðslu af laxi og/eða bleikju. Hluti eldisins er staðsett innandyrna en fer annars mestmegnis fram í kerjum utandyra. Stöðin stendur við bakka Brunnár sem er jökulá með upptök í Jökulsá á Fjöllum.

Annars vegar var farið í vettvangsheimsókn þann 12. apríl sl. en rafrænn fundur með rekstraraðila var haldinn þann 26. apríl sl.

Boðað umfang vettvangsheimsóknar var eftirfarandi:

- Skoðunarferð
- Mengunarvarnir
- Öryggisblöð og geymsla spilliefna
- Húsnæði og lóð
- Önnur mál

Boðað umfang rafræns fundar var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Breytingar á rekstri
- Áætlanir
- Eftirlitsmælingar og frárennsli
- Mengunarvarnir
- Meðhöndlun úrgangs og spilliefna
- Vöktunarmælingar og skráningar
- Sniðmát fyrir viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar - kynning
- Stjórnvaldssektir - kynning
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram frá kröfum starfsleyfis í síðasta eftirliti en þrjár ábendingar voru settar fram er varða að mæla þarf núllpunkt ofan frárennslis út í viðtaka til greiningar á aukningu efna í viðtaka, varðandi uppsöfnun á litaðri brák við útrás og að taka skuli myndir við útrásina með reglulegum hætti skv. ákvæðum starfsleyfis. Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Ekki er gerð breyting á tíðni eftirlits á milli ára og fellur reksturinn áfram í eftirlitsflokk B sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn árlega.

Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti. Framleiðsla í stöðinni var um 1.500t árið 2021 og reiknað er með að framleiðslan verði um 1.600t nú í ár.

Farið var í vettvangsferð í stöðina þann 12. apríl sl. Unnið er að framkvæmdum í stöðinni. 5 stór ker (4.000m³) eru í smíðum og áætlað er að þau verði tekin í notkun síðar á þessu ári. Undirbúningur er hafinn að byggingu seiðastöðvar. Verið er að rífa eldri ker á lóðinni og verður byggð ný skemma á

svæðinu nú í haust. Reiknað er með að rekstur seiðahúss geti hafist næsta sumar. Ekki er talin þörf á breytingu starfsleyfis hvað seiðaeldið varðar enda er ekki tiltekið í leyfinu hvers lags eldi skuli vera í stöðinni, annað en tegundir og framleiðslumagn.

Áætlanir eru uppfærðar og ekki gerðar athugasemdir þar um en minnt er á að séu breytingar á rekstrinum þarf að huga að uppfærslu áætlana því til samræmis.

Frárennsli og settjarnir voru skoðaðar. Enn er unnið að uppbyggingu í stöðinni og frárennslið ekki komið í sína endanlegu mynd. Tromlusía verður sett við hvert og eitt ker sem nú er í byggingu. Áætlað er að byggð verði hreinsistöð sem tekur við frárennsli allra nýju kerjanna. Allt frárennsli verður tengt inn á stöðina í framtíðinni en í dag eru 4 tromlusíur starfandi við kerin en úrgangurinn frá þeim fer með frárennslinu í settjarnirnar tvær eins og verið hefur. Rekstraraðili vinnur að verkefni um uppgræðslu á sandinum neðan stöðvarinnar, með seyr frá eldinu en einnig er verið að skoða hvort betra sé að gera seyrna aðgengilega fyrir bændur í sveitinni, þannig að þeir geti nálgast hana á þægilegan máta til notkunar á sínu landi. Send hefur verið inn umsókn um áburðaleyfi til Matvælastofnunar fyrir nýtingu seyrnar. Greina má bleikan lit í settjörnunum og er það eins og verið hefur og áfram er gerð ábending þar um. Skv. gr. 3.4 í starfsleyfi skal hreinsa upp úr settjörnun á a.m.k. þriggja ára fresti og minnt er á að sú hreinsun þarf að fara fram fyrir 15. maí. Settjarnirnar voru losaðar sumarið 2020 og um 360t fastefnis keyrð yfir á uppgræðsluland við Snartastaði. Óskað hefur verið eftir því að vegna framkvæmda, verði leyfi veitt til losunar settjarnar í lok júlí nk. og hefur eftirlitsaðili fallist á þá beiðni.

Töluvert var af fugli við frárennsli út í Brunná en ekki var að sjá óeðlilega uppsöfnun á bökkum árinna eða við frárennslisstút. Minnt er á að reglulega skuli taka myndir við útrásina, eða á tveggja mánaða fresti skv. gr. 3.4 í starfsleyfi.

Gerð var lagfæring á frárennsli við settjarnir og myndir því til staðfestingar sendar eftirlitsaðila þann 25. apríl sl.

Fituskilja var skoðuð og komin var nokkuð þétt skán í hana, tími fer að koma á hreinsun. Skiljan var síðast losuð í febrúar sl., af Verkval ehf. Búið er að panta aðra losun nú í maí.

Allur dauðfiskur og slóg fer til Icefish og er almenn úrgangsflokkun í stöðinni.

Síðustu mælingar í viðtaka skv. gr. 3.3 í starfsleyfi voru gerðar þann 22. apríl sl. og ekki eru gerðar ábendingar þar um. Rætt var um að breyta þurfi sýnatökupunktum fráveitumælinganna þar sem áhrifa af frárennslisröri hitaveitunnar verði vart þar sem mælt er nú og því verði áhrif hitabreytinga frá eldinu ýkt í mælingum rekstraraðila. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD, BOD5) á a.m.k.. 3ja ára fresti skv. gr. 4.3 í starfsleyfi. Síðast var mælt árið 2020 og næstu mælingar því á áætlun árið 2023.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram er varðar rauða brák sem sest við frárennslisop í viðtaka, er rekstraraðila bent á að reyna að fanga brákina sem flýtur á yfirborði settjarnar áður en hún berst út í viðtaka.

ANNAÐ

Ekki eru settar fram ábendingar varðandi olúgeyma og er frágangur þeirra í lagi.

Verið er að vinna að byggingum á svæðinu og því má sjá byggingarefni um lóðina, ekki eru gerðar ábendingar um frágang lóðar á meðan á byggingaframkvæmdum stendur en bent er á að huga þarf að því að halda svæðinu eins snyrtilegu og mögulegt er, tryggja að ekki verið fok af byggingarefni og að almenn umgengni sé góð um stöðina.

Samningur er við meindýraeyði og fer hann reglulega yfir búnað til meindýravarna. Ekki var að sjá að fugl væri mikið yfir kerjum eða settjörnum.

Reykjavík, 31.05.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Arnadóttir